



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 12. nóvember 2007
Tilvísun: UST20071000171/bs

Allt að 6,0 MW virkjun í Brúará, Bláskógabyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreinda framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrfium..

Hér er um að ræða byggingu allt að 6 MW virkjunar í Brúará í Bláskógabyggð. Inntakslón verður um 1,25 ha að stærð. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að mestu á framræstu votlendi. Brúará er á svæði nr. 739 á náttúrumínjaskrá, en utan þess svæðis sem lagt er til að verði friðlýst í tillögum Umhverfisstofnunar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Aðferðafræði*. *Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingu.*

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði hugsanlega á lífsskilyrði straumanda vegna breyttra aðstæðna í farvegi Brúarár. Framkvæmdaaðili hefur nú þegar gert áætlun um vöktun á straumandastofni árinnar fyrir og eftir framkvæmdir. Ekki er talið að gerð stíflu í Brúará muni hindra ferðir straumanda niður ána.

Ráðgert er að endurheimta votlendi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði með því að fylla skurði með umframefni sem til fellur við mannvirkjagerðina. Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði lítil ef staðið verði að verki á þann hátt sem lýst er í kynningarskýrslu. Einnig ef þessi mannvirkjagerð er borin saman við aukna sumarhúsabyggð við Brúará.

Umhverfisstonun telur nauðsynlegt að unnt sé að sannreyna að staðið verði að framkvæmdum af því tagi sem hér um ræðir á þann hátt sem lýst er í kynningarskýrslu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson

Helgi Jansson
Forstöðumaður